

Nefndasvið Alþingis
Sigrún Helga Sigurjónsdóttir

Reykjavík 4-12-2010

Umsögn um mál 121.

Megin innihald

Hér er að okkar mati á ferðinni mjög þarft mál en okkar mat er það að sú aðferðafræði sem lög þessi boða sé vanhugsuð og muni ekki leiða til vitrænnar niðurstöðu. Hér á að setja bættu Íslenska stjórnarsýslu í forgrunn en ekki upptöku á tilskipun vegna EES. Forsendur þessa málaflokks eru allt aðrar á Íslandi en í öðrum löndum Evrópu og sá veruleiki verður að endurspeglast í þessum lögum.

Umsagnaraðilinn

Lofthmyndir ehf. (www.lofthmyndir.is) hafa unnið að kortlagningu Íslands eftir loftmyndum frá árinu 1996 og hafa nú búið til loftmynda- hæðar- og kortagrunn af öllu landinu með áður óþekktri nákvæmni hér á landi. Þetta verkefni hefur ekki notið neinna opinberra styrkja. Það hefur alfarið verið fjármagnað með leigu gagna vegna t.d. hönnunar verklegra framkvæmda, vegna náttúruverndar, skipulagsmála, rekstrar veitukerfa, landamerkjamála o.s.frv. Þar sem hér er fjallað um landfræðileg gögn opinberra stofnana, þá snertir þetta mál marga af okkar stærstu viðskiptavinum. Landfræðileg gagnamál þessara stofnana þekkjum við því að innstu rötum. Þess vegna teljum við okkur geta lagt ýmislegt til þessa máls byggt á langri reynslu af þjónustu á þessu sviði. Helstu atriði í okkar máli eru eftirfarandi.

- a. Tilgangur þessarar lagasetningar þ.e. að bæta aðgengi að opinberum landupplýsingum er góður en framkvæmdin skiptir öllu. Ekki verður betur séð en að í þessum drögum hafi algjörlega verið „skautað framhjá“ íslenskum raunveruleika á sviði landupplýsinga.
- b. Ísland hefur búið við áratuga óstjórn á sviði landmælinga og kortagerðar sem orðið hefur til þess að söfnun opinberra landfræðilegra gagna með aðstoð korta hefur verið ómarkviss en þó fyrst og fremst ónákvæm. Þetta gerir það að verkum að samræming á nákvæmni gagna frá mismunandi stofnunum er viðamikil verkefni sem taka þarf föstum tökum áður en nokkuð annað er gert og er í raun forsenda fyrir einhverjum ávinningi. Á þetta er ekki minnst í frumvarpinu enda virðist þar um að ræða þíðingu á lagatexta frá þjóðum sem ekki þekkja þetta vandamál. Að þessu leyti er Ísland sér á báti í vestur Evrópu og til þess þarf að taka tillit í þessu frumvarpi. Ekki má gleymast að bætt stjórnarsýsla er

meginmarkmiðið laganna en ekki lengdur verkefnalisti hjá Landmælingum Íslands.

- c. Í þessu ljósi er kostnaðar og tímaáætlun sem fylgir frumvarpinu óraunhæfar og byggðar á röngum forsendum. Þetta getum við fullyrt vegna þess að við höfum aðstoðað aðila eins og t.d. Skipulagsstofnun og Bændasamtökin við landfræðilega gagnaöflun og sú vinna er óframkvæmanleg nema til komi vandaður kortgrunnur til viðmiðunar.
- d. Þessari umsögn fylgir “úrklippa” af vef dönsku kortastofnunarinnar þar sem kortagrunninum K10 er lýst. Framhjá hliðstæðum forsendum verður ekki gengið á Íslandi hversu mjög sem menn langar til að blekkja sig með tálsýnum.
- e. Hliðstæðir kortgrunnar K10 eru til á Íslandi hjá tveimur fyrirtækjum. Nýting þeirra er forsenda fyrir framgang málsins. Sú grundvallar staðreynd verður að koma fram í frumvarpinu og þar verður að taka af öll tvímæli um að fyrsta skref þessa máls sé ráðgjafþjónusta við stofnanir um nýtingu grunnkorta til að gera gögn þeirra tæk til birtingar á opinni gátt á vefnum. Annars verðu gáttin bara „ruslahaugur“ sem enginn tekur alvarlega.
- f. Opnun gáttar með landfræðileg gögn er “ekkert mál” þegar undirbúningsvinnunni er lokið. Þetta lagafrumvarp virðist hinsvegar gera ráð fyrir því að sú opnun sé aðal málið og að undirbúningur sé minniháttar og að málið liggi allt ljóst fyrir. Það er óraunhæft og stenst ekki skoðun.
- g. Samstarf Íslendinga við aðrar þjóðir á þessu sviði er okkur ekki eins mikilvægt og öðrum Evrópuþjóðum þar sem Ísland er eyja langt frá meginlandinu. Þar reka flóð og önnur óáran menn til samstarfs og samræmingar opinna upplýsinga enda virða t.d. fljót og ár ekki landamæri. INSPIRE á forsendum samvinnu er því ekki þungamiðja þessa máls. Frumvarp til að bæta íslenska stjórnsýslu á sviði landupplýsinga er hinsvegar mikilvægt.
- h. Mjög örðugt er að gera sér grein fyrir því á hvaða tæknilegum forsendum þetta frumvarp er byggt. Í raun og veru snýst frumvarpið samkvæmt orðanna hljóðan um rekstur á einni upplýsingagátt (5. grein). Þetta er dapurlega þröngt sjónarhorn á þetta mikilsverða mál. Gagnamál hvernar stofnunar fyrir sig og aðgengi að þeim gögnum er aðalatriði málsins en gátt sem Landmælingar Íslands reka á að okkar mati einungis að sýna lýsigögn og síðan þau gögn sem eru birtingarhæf í samþættri gagnagátt og þá byggt á tækni sem lýst er í næsta lið.
- i. Slík gátt er aðeins hluti þessa máls eins og áður sagði. Mikilsverðast er að allar þær stofnanir sem undir þessi lög falla “útvarpi” sínum gögnum yfir netið til beinna og milliliðalausra afnota fyrir þá sem þess óska. Annars er málið hálfkarað. Í lok síðustu aldar sameinaðist “heimsmarkaðurinn” um staðal fyrir slíka „útvarps“ þjónustu sem hefur valdið byltingu. Gátt Landmælinga á einnig að byggjast á þessu „útvarpi“.

- j. Þetta frumvarp þarf að endurskoða og fella það að íslenskum veruleika en hafa um leið í huga að uppfylla skilyrði INSPIRE á íslenskum forsendum. Eins og frumvarpið er nú er þungamiðja þess að tryggja Landmælingum Íslands ný verkefni í stað þess að ráðast að rótum vandans sem er ómarkviss stjórnsýsla.
- k. Þær breytingar sem þetta frumvarp gerir ráð fyrir að verði gerðar á lögum um Landmælingar Íslands eru alls ófullnægjandi. Þar á bæ þarf að breyta allri forgangs röðun og breyta stofnuninni í ráðgjafastofnun um landupplýsingamál fyrir aðrar opinberar stofnanir. Snúa þarf hlut Landmælinga Íslands í þessu máli í að hverfast um aðstoð við stofnanir við miðlun gagna á þann máta sem t.d. ISPIRE kveður á um og sem nýtist íslensku þjóðfélagi sem best.
- l. Vert er að hafa í huga að þetta mál á sér forsögu sé það skoðað sem íslenskt landupplýsingamál. Árið 1971 hélt Verkfræðingafélag Íslands ráðstefnu um “þess tíma vandamál” á sviði landfræðilegra upplýsinga sem var fyrst og fremst landmælingar og skortur á markvissri stefnumörkun og samvinnu á því sviði. Það var brýnt mál á þeim tíma enda GPS ekki komið til sögunnar. Eftirfylgni þess máls fór í handaskolum. Síðar varð eitt af fyrstu verkum Umhverfisráðuneytisins að setja af stað tilraunaverkefni (kostaði á núvirði hundruði milljóna) vegna kortlagningar Íslands í mælikvarða 1:25.000. Vonandi eru ekki allir búnir að gleyma þessu og hverjar lyktir þess máls urðu. Bæði þessi góðu mál enduðu í hefðbundnu íslensku skæklategi um hagsmuni og fjármagn þar sem hver reyndi að skara eld að sinni köku. Sú kaka var ekki “persónulega hagsmunakakan” heldur sú hin stofnanalæga þar sem hver bendir á annan og segir: ekki mitt mál en “ríkið” á að leggja til fjármuni og þá mun mín (fjársvelta) stofnun auðvitað vera með. Þetta hefur frá upphafi verið “stefið” í söng opinberra stofnana á sviði landupplýsinga. Það þarf því að huga að því við samningu þessa frumvarps að stofnanir þær sem eiga þau gögn sem um ræðir sjái sér hag í því að taka þátt þ.a.lögin verði ekki dauður bókstafur þegar til framkvæmdarinnar kemur.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsdraganna.

2. grein

Hér viljum við gera athugasemdir við næst síðustu málsgreinina þar sem segir: *Landupplýsingar í eigu annarra aðila en þeirra sem lög þessi taka til falla undir lög þessi hafi eigandi þeirra fengið leyfi til tengja þau gögn við landupplýsingagátt sbr 5. grein., á grundvelli laga þessara.* Hér er að okkar mati farið inná varhugaverða braut. Í fyrsta lagi er illmögulegt að fylgjast með því hvort einhverjir hafi notað opna vefþjónustu á netinu við vinnu sína. Þetta stangast einnig á við það sem segir annarstaðar að INSPIRE eigi að örva hinn frjálsa markað. Ef svo á að verða þarf fólk í þeim geira að geta notað opinber gögn enda vandséð hvað er á móti því svo fremi að höfundar sé getið.

5. grein

Landupplýsingagátt er ekki nýlunda á Íslandi. Loftmyndir reka margar slíkar fyrir viðskiptavinum sína. Í því starfi höfum við komist að því hvar skóinn raunverulega kreppir á þessu sviði hjá opinberum stofnunum. Opnun á gagnagátt er einfaldasti þáttur málsins. Stóra málið er uppbygging gagnagrunna stofnanana og möguleikar á því að tengja grunnana saman þannig að samlegðaráhrif náist. Þetta er hið raunverulega vandamál sem þarf að taka á með þessum lögum. Einnig er nákvæmni staðsetningar mjög mismunandi þ.a. gögn er ekki hægt að birta saman án þess að misræmi blasi við öllum sem vilja sjá. Þessi tvö atriði þ.e. samræmd nákvæmni í staðsetningu og uppbygging gagnagrunna eiga að vera þungamiðja þessara laga. Það verður að bjóða öllum þeim opinberu stofnunum sem þurfa á að halda ráðgjöf um högun síns landfræðilega gagnagrunns sem og við að opna fyrir gátt þar sem sannreyna má staðsetningu gagna sem og staðsetja hnittsett gögn. Nú á tímum niðurskurðar mun þurfa að gera þáttöku í þessu verkefni mjög fýsilega, þ.a. stofnanir sjái sér fært að vinna að þessu af heilindum en ekki með hangandi hendi. Síðan þarf að taka tillit til þeirra stofnana sem búa yfir mikilli og staðgóðri þekkingu á sviði landupplýsinga og þurfa ekki á neinni aðstoð að halda. Má þar sem dæmi nefna Fasteignaskrá Íslands sem er lykil stofnun á þessu sviði á Íslandi. Svona stofnanir má ekki leggja að jöfnu við þá sem enga reynslu hafa á þessu sviði. Það eina sem þessir aðilar ættu að gera er að leggja fram lýsigögn til að birta á gátt Landmælinga Íslands.

6. grein

Hér er í raun um sama mál að ræða og í 5. grein. Það er ekki nægjanlegt að segja að stjórnvöld skuli..... Opinberar stofnanir þurfa að sjá sér hag í samstarfi til þess að þær komi að málinu með jákvæðu hugarfari. Aðstoð til þess að bæta rekstur er "gulrót" sem virkar stundum vel.

7. grein

Hér er á ferðinni hálfgerð hugsanavilla. Menn tengja ekki sínar landupplýsingar við landupplýsingagátt. Menn annað hvort birta í gáttinni sín gögn eða fá að tengjast gögnum í gagnagrunni (WMS, WFS) sem þá hefur ekkert með gáttina að gera. Hér hlýtur að eiga að standa að aðrir aðilar geti fengið að nota og eftir atvikum birta gögn sem geymd eru í gagnagrunni að baki gáttinni. Það er síðan ekki í anda INSPIRE að til þess þurfi sérstakt leyfi. Slík þjónusta á að vera opin á netinu.

10. grein

Markmið eru hér góð en ef þetta á að vera faglegur vettvangur þá verður að tryggja með lögunum að nefndarmenn hafi þekkingu á því sem um er fjallað. Hér hræða sporin ef hugsað er til tilraunaverkefnis Umhverfissráðuneytisins um kortagerð. Fagleg markmiðssetning á sviði tæknimála er ekki á færi starfsmanna ráðuneyta. Því þarf að skilgreina lágmarks þekkingu þeirra sem að þessum málum koma til að marka stefnu. Ekki myndi nú heldur saka ef einkafyrirtæki á þessu sviði ættu hér sinn fulltrúa


13. grein

Við viljum aðeins ítreka hér áhyggjur okkar af reglugerðarsmíð sem byggir á óskýrum lögum. Af slíku er afleið reynsla á þessu sviði.

Að lokum viljum við ítreka þá skoðun okkar að ef þetta mál verður til þess að bæta skilvirkni í íslensku upplýsingasamfélagi þá er vel. Ef þetta verður hinsvegar ekki annað en upptaka einnar tilskipunarinnar í viðbót án skilvirkni og markvissrar eftirfylgni þá er verr af stað farið en heima setið fyrir Ísland.

Reykjavík 4-12-2010

f.h. Loftmynda ehf.



Örn Arnar Ingólfsson




Kort10

- en del af den geografiske infrastruktur

Produktblad

juni 2006



Kort10 som fælles geografisk reference

.....
MILJØMINISTERIET

Kort & Matrikelstyrelsen

Kort10





– en del af den geografiske infrastruktur

Kort10 er en landsdækkende samling af topografiske grunddata. Den består af topografiske objekter, ortofoto, højdemodel og stednavne fra Kort & Matrikelstyrelsens grundlæggende databaser.

Kort10 som fælles geografisk reference

Kort10 indgår som en del af den offentlige geografiske infrastruktur og anvendes i dag som fælles referencegrundlag indenfor en række forskellige forvaltningsområder.

Et fælles referencegrundlag smidiggør udvekslingen af informationer ved større tværgående opgaver og letter dermed samarbejdet mellem involverede myndigheder og private parter. Håndtering af større ulykker, som illustreret nedenfor, er et eksempel på sådanne tværgående opgaver.



Forskellige kartografiske udtryk baseret på Kort10


Kort10 i digital forvaltning

Kort10 som referencedata understøtter digital forvaltning. I digital forvaltning er det vigtigt, at administrationsgrundlaget er fælles, fordi flere myndigheder på forskellige administrative niveauer skal kunne bidrage til løsning af den samme forvaltningsopgave.

Kort10 rummer en topografisk beskrivelse af den fysiske virkelighed baseret på en samling af geometriske objekter i en topologisk struktur. Nogle af objekterne er forsynet med geo-nøgler, f.eks. vejkoder, der gør det muligt at sammenkæde den geografiske infrastruktur med relevante registre.

Anvendelser

Kort10 understøtter forskellige kartografiske udtryk af topografiske forhold, og datastrukturen er hensigtsmæssig i forhold til videre kartografisk bearbejdning. Derudover er Kort10 velegnet til analyser i GIS systemer - enten direkte eller i sammenhæng med andre data.



Risikoanalyse baseret på naturobjekter i Kort10

Indhold og geometrisk nøjagtighed

Geometrien i Kort10 er fotogrammetrisk fremstillet. Kortets indhold og geometriske nøjagtighed er tilpasset kravene til fremstilling af kartografiske udtryk i målestoksforholdet 1:10.000. Kortets nøjagtighed er derfor på ca. 1 meter for veldefinerede punkter og flader. Ortofotoet har en pixelopløsning på 40*40 cm.

Kort10 indeholder data i følgende temaer:

- administration
- kultur
- ortofoto
- bebyggelse
- natur
- højde
- bygning
- teknik
- navne
- hydrografi
- trafik

Yderligere information om temaindhold i Kort10 findes i bilag.

Ajourføring

Kort10 bliver ajourført fotogrammetrisk hvert 5. år.

Trafiktemaet bliver ajourført tre gange årligt, så det er afstemt med cpr-registrets vejtabel. Geometrisk indlægning sker skitse-mæssigt og rettes op i forbindelse med fotogrammetrisk ajourføring.

Levering

Kort10 kan leveres via følgende medier:

- CD eller DVD
- Internettet (via Kortforsyningen)

Kort10 tilbydes som standard i GML-format (fra medio 2006) og i UTM / EUREF89-projektionen.

Kort10 tilbydes også som dataudtræk i følgende formater og projektioner:

Formater:

- DSFL
- ESRI shape
- Geomedia
- MapInfo
- DXF / DWG
- ECW (ortofoto)

Projektioner:

- UTM / ED50
- System 34 / 45

Rettigheder

Kort10 kan erhverves med forskellige rettigheder.

Læs mere om rettigheder til Kort10 på Kort & Matrikelstyrelsens hjemmeside: www.kms.dk/rettigheder

Kontakt

Kontakt os for at få yderligere oplysninger.

Miljøministeriet
Kort & Matrikelstyrelsen
Markedsområdet
Rentemestervej 8
2400 København NV

Tlf: 35 87 50 50
Fax: 35 87 50 51
E-post: mar@kms.dk
Hjemmeside: www.kms.dk